

Farice ehf.

Samstæðuársreikningur 2025

# Efnisyfirlit

---

|                                                          | Bls. |
|----------------------------------------------------------|------|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra ..... | 3    |
| Áritun Ríkisendurskoðunar .....                          | 5    |
| Rekstrarreikningur .....                                 | 7    |
| Efnahagsreikningur .....                                 | 8    |
| Sjóðstreymisyfirlit .....                                | 9    |
| Skýringar .....                                          | 10   |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Farice ehf. er einkahlutfélag kt. 511203-2950 með lögheimili að Guðríðarstíg 2-4, Reykjavík. Samstæðuársreikningur félagsins fyrir árið 2025 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélags þess, sem er Farice ehf. limited.

Félagið var stofnað árið 2003 í þeim tilgangi að veita þjónustu á sviði fjarskipta- og gagnaflutninga. Félagið gegnir mikilvægu hlutverki í rekstri og uppbyggingu innviða fyrir íslenskt samfélag. Fyrirtækið rekur þrjá sæstrengi milli Íslands og Evrópu, FARICE-1, DANICE og ÍRIS, sem tengja Ísland við önnur alþjóðleg gagnaflutningskerfi t.a.m. í London, Amsterdam, Dublin og Kaupmannahöfn. Einnig selur fyrirtækið varaleið útlandafjarskipta um gervihnattaleiðir. Varaleiðin er seld í heildsölu og miðast við þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki og stofnanir.

Á árinu setti félagið sér áhættustefnu. Helsta almenna áhættan í rekstri félagsins snýr að endingartíma sæstrengja þess, en félagið gerir ráð fyrir endurnýjun á þeim í rekstraráætlunum sínum. Einnig getur óvænt bilun eða slit á sæstreng haft mikil áhrif á rekstur félagsins ef slík bilun yrði langvinn. Félagið er með samning við sérhæfð fyrirtæki sem veitir félaginu aðgang að viðgerðarþjónustu í sjó ef til slíkrar bilunar kæmi. Reynsla Farice af rekstri sæstrengja er hins vegar afar góð og hefur félagið enn ekki orðið fyrir bilun í sjó. Bilanir í landkerfum eru hins vegar nokkrar á hverju ári og því félaginu mikilvægt að búa yfir mörgum virkum og óháðum leiðum á landi til gagnaflutnings.

## Rekstur ársins 2025

Helstu samandregnu niðurstöður:

| Milljónir evra        | 2025  | 2024  | Breyting |
|-----------------------|-------|-------|----------|
| Rekstrartekjur .....  | 16,1  | 14,5  | 1,6      |
| EBITDA .....          | 8,0   | 7,1   | 0,8      |
| Afskriftir .....      | (7,7) | (7,7) | -        |
| Hagnaður/ (tap) ..... | (0,5) | 4,0   | (4,4)    |
| Eignir .....          | 88,8  | 97,4  | (8,6)    |
| Eigið fé .....        | 70,0  | 70,4  | (0,5)    |

Helstu skýringar á tekju- og EBITDA vexti er augin eftirspurn frá gagnaversviðskiptavinum. Tap var á rekstri félagsins á árinu en áætlanir gera ráð fyrir hagnaði á næsta ári. Félagið greiddi niður skuldir að fjárhæð 8,7 milljónir evra á árinu og átti 3,9 milljónir evra af handbæru fé í árslok 2025. Stjórn leggur til að afkoma félagsins færist til hækkunar á ójöfnuðu tapi félagsins og arður verði ekki greiddur út á komandi ári. Að öðru leyti er vísað til ársreiknings varðandi breytingar á eigin fé, sbr. skýringu 17.

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur lokið formlegri rannsókn á meintri ólögumætri ríkisaðstoð íslenskra stjórnvalda til Farice og komist að þeirri niðurstöðu að hún samrýmist reglum EES-samningsins.

Þann 22. desember 2025 var undirritaður samningur um sameiningu Farice ehf., Öryggisfjarskipti ehf. og tæknihluta Neyðarlínunnar ohf. Félagin þrjú sinna hvert um sig lykilhlutverkum í rekstri alþjóðlegra og innlendra fjarskipta, neyðarsamskipta, öryggiskerfa og þjónustu við almenning, viðbragðsaðila og viðskiptavini. Markmið sameiningarinnar er að tryggja öruggeri og skilvirkari umgjörð um mikilvæga fjarskiptaþjónustu og tengda starfsemi sem og að ná fram hagræðinu með sameiginlegum rekstri félaganna. Eftir sameininguna verður Farice fjarskipta- og innviðafyrirtæki sem rekur m.a. fjarskiptasæstrengi og Tetra öryggisfjarskiptakerfið auk þess að vera tæknilegt bakland fyrir neyðarviðbragð, almannavarnir og mikilvæga innviði á Íslandi. Viðskiptin eru m.a. með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins sem hefur málið til meðferðar. Væntingar stjórnenda eru að málinu ljúki á fyrri hluta ársins 2026.

Þróunarverkefni eru félaginu mikilvæg til þess að auka öryggi og samkeppnishæfni útlandafjarskipta, styrkja netinnviði og bæta þjónustu við viðskiptavini. Stærstu verkefni félagsins eru undirbúningur og lagning fjarskiptasæstrengja sem eru stór og kostnaðarsöm verkefni og þarfnast ítarlegrar skoðunar áður en til framkvæmda kemur. Félagið hélt áfram á árinu undirbúningi að næsta sæstreng.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Fjöldi starfsmanna í árslok voru 10, meðaltalsstöðugildi á árinu 2025 voru 11,2.

## Hlutfé

Hlutfé félagsins var lækkað á árinu að nafnverði 7,8 milljónir evra til jöfnunar taps félagsins og var í lok árs 70.4 milljónir evra. Í árslok og byrjun árs átti Ríkissjóður Íslands allt hlutfé félagsins. Félagið á enga eigin hluti.

## Stjórnarhættir og ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með eignarhald ríkisins í Farice ehf. Stjórn félagsins leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgja ákvæðum laga, samþykktu og almenntri eigendastefnu ríkisins frá september 2021, í þeim tilgangi að ná markmiðum ríkisins með eignarhaldinu. Stjórn félagsins er skipuð þremur stjórnarmönnum, tveimur konum og einum karlmanni auk varamanns. Breytingar urðu á stjórn félagsins á árinu þegar Kolbrún Jónsdóttir var kosin inn í stjórnina sem nýr stjórnarmaður. Fyrir voru Martha Eiríksdóttir og Ríkarður Ríkarðsson sem voru kosin til áframhaldandi stjórnarsetu. Andri Már Ólafsson var kosinn varamaður. Stjórn skipti með sér verkum og er Martha stjórnarformaður og Kolbrún varaformaður. Stjórn samþykkti starfsreglur og starfsáætlun stjórnar í upphafi starfstíma. Stjórn setti á fót endurskoðunarnefnd sem sinnir hlutverki í samræmi við 108. gr. b. laga um ársreikninga. Í endurskoðunarnefnd sitja Kolbrún sem formaður auk Ríkarðs. Stjórn ræður framkvæmdastjóra félagsins og er Þorvarður Sveinsson framkvæmdastjóri þess.

Innleiðing stefnu um innra eftirlit lauk á árinu 2025. Félagið hefur auk þess sett sér viðeigandi stefnur sem snúa að starfsemi og stjórnarháttum félagsins.

## Rekstrarhæfi

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Farice að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn félagsins telur að rekstrarhæfi samstæðunnar sé tryggt.

Stjórn og framkvæmdastjóri Farice ehf. staðfesta hér með samstæðuársreikning Farice ehf.  
2025 með undirritun sinni.

Stjórn Farice ehf.

Martha Eiríksdóttir, stjórnarformaður

Ríkarður Ríkarðsson

Kolbrún Jónsdóttir

Þorvarður Sveinsson, framkvæmdastjóri

# Áritun Ríkisendurskoðunar

---

## Til stjórnar og hluthafa Farice ehf.

### Álit

Samstæðuársreikningur Farice ehf. fyrir árið 2025 er endurskoðaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að samstæðuársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2025, afkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð ríkisendurskoðanda hér á eftir. Ríkisendurskoðandi er óháður samstæðunni og starfar í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI). Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar. Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit Ríkisendurskoðunar á samstæðuársreikningnum.

### Aðrar upplýsingar

Að álit Ríkisendurskoðunar koma fram í skýrslu stjórnar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri (stjórnendur) eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Farice ehf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þeir ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreiknings, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að leysa félagið upp.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

### Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið ríkisendurskoðanda er að aflað sé nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit Ríkisendurskoðunar á samstæðuársreikningnum. Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

# Áritun Ríkisendurskoðunar

## Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins (framhald)

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Einnig framkvæmir Ríkisendurskoðun eftirfarandi:

- Greinir og metur hættu á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, endurskoðunaraðgerðir skipulagðar og framkvæmdar til að bregðast við þeirri hættu og aflað endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá reglum innra eftirlits.
- Aflar skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggi viðunandi árangur.
- Metur hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktar um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og á grundvelli endurskoðunarinnar leggur mat á hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef endurskoðunin leiðir í ljós að talið sé að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreiknings í áritun Ríkisendurskoðunar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Engu að síður geta aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metur í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metur framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.
- Aflar fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Ríkisendurskoðun er ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Ríkisendurskoðun ber ein ábyrgð á álitinu.

Ríkisendurskoðun ber að upplýsa stjórn félagsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 25. mars 2026

Guðmundur Björgvin Helgason,  
ríkisendurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2025

|                                                         | Skýr. | 2025              | 2024              |
|---------------------------------------------------------|-------|-------------------|-------------------|
| Sala á bandvidd .....                                   |       | 16.075.436        | 14.323.209        |
| Aðrar tekjur .....                                      |       | 16.426            | 176.265           |
|                                                         | 3     | <u>16.091.862</u> | <u>14.499.474</u> |
| Rekstur fjarskiptakerfa .....                           |       | 5.399.081         | 5.388.017         |
| Annar rekstrarkostnaður .....                           |       | 2.730.739         | 1.964.465         |
|                                                         | 13    | <u>8.129.820</u>  | <u>7.352.482</u>  |
| <b>Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði .....</b> |       | <u>7.962.042</u>  | <u>7.146.992</u>  |
| Afskriftir .....                                        | 14    | ( 7.724.790)      | ( 7.713.959)      |
| Rekstrarhagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði .....        |       | 237.252           | ( 566.967)        |
| Vaxtatekjur .....                                       | 9     | 166.143           | 186.928           |
| Vextir og verðbætur .....                               | 10    | ( 895.457)        | ( 827.994)        |
| Gengishagnaður (tap) .....                              | 2     | 2.117             | ( 60.689)         |
| <b>Hrein fjármagnsgjöld .....</b>                       |       | <u>( 727.197)</u> | <u>( 701.754)</u> |
| Tap ársins fyrir skatta .....                           |       | ( 489.945)        | ( 1.268.721)      |
| Tekjuskattur .....                                      | 16    | 15.074            | 5.227.045         |
| <b>Hagnaður (tap) ársins .....</b>                      |       | <u>( 474.871)</u> | <u>3.958.324</u>  |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2025

|                                                        | Skýr. | 31.12.2025 | 31.12.2024   |
|--------------------------------------------------------|-------|------------|--------------|
| <b>Eignir</b>                                          |       |            |              |
| <b>Fastafjármunir</b>                                  |       |            |              |
| Rekstrarfjármunir .....                                | 14    | 75.256.460 | 82.424.304   |
| Óefnislegar eignir .....                               | 15    | 2.078.883  | 2.199.983    |
| Fyrirframgreiddur kostnaður .....                      | 11    | 260.239    | 560.933      |
| Tekjuskattsinneign .....                               | 16    | 5.242.119  | 5.227.045    |
| Fastafjármunir samtals                                 |       | 82.837.702 | 90.412.265   |
| <b>Veltufjármunir</b>                                  |       |            |              |
| Viðskiptakröfur .....                                  | 4     | 1.055.551  | 694.991      |
| Aðrar kröfur .....                                     | 12    | 773.752    | 857.302      |
| Fyrirframgreiddur kostnaður, skammtíamhluti .....      | 11    | 120.990    | 135.657      |
| Handbært fé .....                                      | 5     | 4.006.016  | 5.267.143    |
| Veltufjármunir samtals                                 |       | 5.956.310  | 6.955.092    |
| <b>Eignir samtals</b>                                  |       | 88.794.012 | 97.367.357   |
| <b>Eigið fé</b>                                        |       |            |              |
| Hlutfé .....                                           |       | 70.433.043 | 78.275.905   |
| Ójafnað tap .....                                      |       | ( 474.871) | ( 7.842.862) |
| Eigið fé samtals                                       | 17    | 69.958.172 | 70.433.043   |
| <b>Skuldir</b>                                         |       |            |              |
| <b>Langtímaskuldir</b>                                 |       |            |              |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir .....                     | 8     | 14.952.034 | 22.945.641   |
|                                                        |       | 14.952.034 | 22.945.641   |
| <b>Skammtímaskuldir</b>                                |       |            |              |
| Næsta árs afborganir vaxtaberandi langtímaskulda ..... | 8     | 1.993.605  | 2.699.487    |
| Viðskiptaskuldir .....                                 |       | 1.258.453  | 622.135      |
| Aðrar skuldir og fyrirframinnheimtar tekjur .....      |       | 631.748    | 667.052      |
| Skammtímaskuldir samtals                               |       | 3.883.806  | 3.988.674    |
| <b>Skuldir samtals</b>                                 |       | 18.835.840 | 26.934.315   |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>                     |       | 88.794.012 | 97.367.357   |

# Sjóðstreymisýfirlit árið 2025

|                                                     | Skýr.   | 2025       | 2024         |
|-----------------------------------------------------|---------|------------|--------------|
| <b>Rekstrarhreyfingar</b>                           |         |            |              |
| Hagnaður (tap) ársins .....                         | (       | 474.871)   | 3.958.324    |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:    |         |            |              |
| Afskriftir .....                                    | 14,15   | 7.724.790  | 7.713.959    |
| Breyting á tekjuskattsinneign .....                 | 16 (    | 15.074)    | ( 5.227.045) |
| Aðrir liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi ..... | 11      | 315.361    | 150.333      |
| Veltufé frá rekstri                                 |         | 7.550.206  | 6.595.571    |
| Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:        |         |            |              |
| Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna .....          | (       | 277.010)   | ( 600.351)   |
| Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda .....         |         | 601.011    | 84.355       |
|                                                     |         | 324.001    | ( 515.996)   |
| Handbært fé frá rekstri                             |         | 7.874.207  | 6.079.575    |
| <b>Fjárfestingahreyfingar</b>                       |         |            |              |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....               | 14,15 ( | 435.845)   | ( 3.288.268) |
| Fjárfestingahreyfingar                              | (       | 435.845)   | ( 3.288.268) |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>                       |         |            |              |
| Afborganir langtímalána .....                       | 8 (     | 8.699.489) | ( 2.699.487) |
| Fjármögnunarhreyfingar                              | (       | 8.699.489) | ( 2.699.487) |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....                  | (       | 1.261.127) | 91.821       |
| Handbært fé 1. janúar .....                         |         | 5.267.143  | 5.175.323    |
| Breyting ársins .....                               | (       | 1.261.127) | 91.821       |
| Handbært fé 31. desember .....                      |         | 4.006.016  | 5.267.143    |

# Skýringar

## 1. Félagið

Ársreikningur samstæðunnar var samþykktur af stjórn 25. mars 2026

Farice ehf., kt. 511203-2950, er íslenskt einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, með starfsstöð að Guðríðarstíg 2-4 í Reykjavík. Hlutverk félagsins er að tryggja örugg fjarskipti milli Íslands og nærliggjandi landa m.a. gegnum sæstrengi sem tengjast landsnetum í Danmörku, Bretlandi, Færeyjum og Írlandi.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### A. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við lög nr 3/2006 um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga auk þess sem félagið beitir ákvæðum IPSAS staðlanna sem fjalla um reikningsskil ríkisins og opinberra stofnanna við virðisrýrnunarpróf á eignum tengdum almannahagsmunum eins og nánar er greint frá í skýringu 14. Ársreikningur samstæðunnar byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er settur fram í evrum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins, og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### B. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings samstæðunnar þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### C. Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög sem félagið fer með yfirráð yfir. Félagið fer með yfirráð þegar það ber áhættu eða hefur ávinning af breytilegri arðsemi af hlutdeild sinni í félaginu og getur haft áhrif á arðsemina vegna yfirráða sinna. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðuársreikningnum frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

### D. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðli eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í öðrum gjaldmiðlum en evrum eru umreiknaðar í starfrækslugjaldmiðil á skráðu gengi í lok ársins. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

## 3. Innlausn tekna

Tekjur eru færðar til bókar þegar til þeirra hefur verið unnið. Reglubundnar tekjur samanstanda af sölu á fjarskiptasamböndum milli Íslands, Færeyja, Bretlands, Írlands og meginlands Evrópu í gegnum sæstrengi í eigu félagsins. Tekjur eru stöðugar og fyrirsjáanlegar og byggja á sölusamningum sem almennt eru gerðir til a.m.k. eins árs í senn.

Tekjur félagsins vegna sölu á bandvídd voru 59% árið 2025 og koma frá fjórum sölusamningum (2024:64%). Pungi tekna bandviddar kemur frá innanlandsviðskiptum eða 61% (2024: 57%).

## 4. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði og endanlega tapaðar kröfur eru færðar úr bókum félagsins. 89% af viðskiptakröfum félagsins í árslok eru í evrum (2024: 81%).

## 5. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

# Skýringar

## 6. Farice ehf. Limited

Dótturfélag Farice er: Farice ehf. Limited., 45 Mespil Road, Dublin 4, D04 W2F, Dublin, Írlandi

Á árinu 2022 stofnaði Farice ehf. dótturfélagið Farice ehf. Limited á Írlandi vegna útgáfu lendingarleyfisins fyrir IRIS strenginn. Félagið er að fullu í eigu Farice ehf. og hefur það afmarkaða hlutverk að halda lögformlega á leyfinu að kröfu Írskra stjórnvalda. Félagið hefur þannig ekki annan tilgang en eignarhald á leyfinu sem er afskrifað yfir áætlaðan notkunartíma strengsins, sem er 20 ár. Í ársreikningum fyrri ára var hlutdeild Farice ehf. Limited færð sem fyrirframgreiddur kostnaður. Á árinu 2025 var gerð breyting og gerður samstæðuársreikningur og færð hlutdeild í dótturfélagi. Samanburðartölur 2024 hafa verið leiðréttar.

## 7. Tengdir aðilar

Aðilar teljast tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yfirráð yfir félaginu, fara með sameiginleg yfirráð eða hafa veruleg áhrif á félagið. Til tengdra aðila teljast einnig lykilstjórnendur félagsins og nánir fjölskyldumeðlimir þeirra, svo og félög þar sem þessir aðilar fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif.

Farice er einkahlutafélag í opinberri eigu og er undir yfirráðum ríkissjóðs. Meðal tengdra aðila félagsins teljast því einnig ríkissjóður, stofnanir hans, félög og aðrar einingar þar sem ríkissjóður fer með yfirráð eða hefur veruleg áhrif.

Samkvæmt IAS 24 eru félögum sem eru undir yfirráðum eða verulegum áhrifum stjórnvalda veittar ákveðnar undanþágur frá ítarlegri upplýsingagjöf um viðskipti við aðra aðila sem eru einnig undir yfirráðum eða verulegum áhrifum sömu stjórnvalda. Farice ehf. nýtir sér þessa undanþágu og birtir því ekki ítarlegar upplýsingar um slík viðskipti nema þau séu veruleg.

Langtímalán félagsins er frá Endurlánum ríkissjóðs sem telst tengdur aðili, sjá nánar í skýringum 8 og 11. Upplýsingar um laun stjórnar og framkvæmdastjóra koma fram í skýringu 13.

## 8. Vaxtaberandi skuldir

Endurlán ríkissjóðs (ER) er í evrum og ber 2,5% fasta vexti. DANICE strengurinn, lendingarstöð DANICE á Landeyjasandi ásamt öllum tengdum eignum og búnaði eru veðsett fyrir skuld félagsins við ER. Félagið hefur síðustu ár nýtt laust sjóðsflæði til aukagreiðslna inn á lánið umfram fastar afborganir en í ljósi hagstæðra vaxtakjara sem bjóðast á innlánsreikningum hefur félagið markað sér stefnu um lausafjárstyringu sem miðar að því að ávaxta laust fé á innlánsreikningum sé það hagfelld fyrir félagið.

Langtímalán félagsins er sundurliðað hér með tilliti til breytinga milli ára og væntra framtíðarafborgana:

|                                                     | 2025        |              | 2024        |              |
|-----------------------------------------------------|-------------|--------------|-------------|--------------|
|                                                     | Vextir 2,5% | Eftirstöðvar | Vextir 2,5% | Eftirstöðvar |
| Veðlán frá ER í evrum, með loka gjalddaga 2034..... |             | 16.945.639   |             | 25.645.128   |
| Næsta árs afborganir.....                           |             | (1.993.605)  |             | (2.699.487)  |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir við árslok.....        |             | 14.952.034   |             | 22.945.641   |

Breyting vaxtaberandi skulda á árinu greinist þannig:

|                                         | 2025        | 2024        |
|-----------------------------------------|-------------|-------------|
| Vaxtaberandi skuldir 1. janúar .....    | 25.645.128  | 28.344.615  |
| Afborganir ársins.....                  | (8.699.487) | (2.699.487) |
| Vaxtaberandi skuldir 31. desember ..... | 16.945.639  | 25.645.128  |

Afborganir greinast þannig næstu ár:

|                           | 2025       | 2024       |
|---------------------------|------------|------------|
| Afborganir 2026/2025..... | 1.993.605  | 2.699.487  |
| Afborganir 2027/2026..... | 1.993.605  | 2.699.487  |
| Afborganir 2028/2027..... | 1.993.605  | 2.699.487  |
| Afborganir 2029/2028..... | 1.993.605  | 2.699.487  |
| Afborganir 2030/2029..... | 1.993.605  | 2.699.487  |
| Síðar.....                | 6.977.615  | 12.147.693 |
|                           | 16.945.639 | 25.645.128 |

# Skýringar

## 9. Sundurliðun fjármagnstekna

|                                                        |         |         |
|--------------------------------------------------------|---------|---------|
| Vaxtatekjur félagsins greinast með eftirfarandi hætti: | 2025    | 2024    |
| Innvextir af innstæðum í innlendum bönkum .....        | 165.977 | 186.857 |
| Innvextir af innstæðum í erlendum bönkum .....         | 166     | 72      |
| Samtals .....                                          | 166.143 | 186.928 |

## 10. Sundurliðun fjármagnsgjalda

|                                                       |         |         |
|-------------------------------------------------------|---------|---------|
| Vaxtagjöld félagsins greinast með eftirfarandi hætti: | 2025    | 2024    |
| Vaxtagjöld af langtímaláni .....                      | 578.328 | 677.661 |
| Dráttarvextir .....                                   | 1.768   | 0       |
| Ábyrgðagjald ER fært í rekstrarreikning .....         | 315.361 | 150.333 |
| Samtals .....                                         | 895.457 | 827.994 |

## 11. Fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður samanstendur af gjaldi fyrir ríkisábyrgð á láni frá Endurlánum ríkissjóðs sem tekið var 2019.

Fyrirframgreiddur kostnaður greinist með eftirfarandi hætti:

|                                                                              |           |         |
|------------------------------------------------------------------------------|-----------|---------|
|                                                                              | 2025      | 2024    |
| Staða við árslok .....                                                       | 381.229   | 696.590 |
| Upphæðir færðar í rekstrarreikning 2026/2025, birtar á meðal veltufjár ..... | 120.990   | 135.657 |
| Upphæðir færðar í rekstrarreikning 2027/2026 .....                           | 106.323   | 120.990 |
| Upphæðir færðar í rekstrarreikning 2028/2027 .....                           | 91.667    | 106.323 |
| Upphæðir færðar í rekstrarreikning 2029/2028 .....                           | 76.990    | 91.667  |
| Upphæðir færðar í rekstrarreikning 2030/2029 .....                           | 62.323    | 76.990  |
| Upphæðir færðar í rekstrarreikning síðar .....                               | ( 77.064) | 164.964 |

Fyrirframgreiddur kostnaður birtist þannig í efnahagsreikningi:

|                                                         |         |         |
|---------------------------------------------------------|---------|---------|
|                                                         | 2025    | 2024    |
| Fyrirframgreiddur kostnaður á meðal fastafjármuna ..... | 260.239 | 560.933 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður á meðal veltufjármuna ..... | 120.990 | 135.657 |
| Staða við árslok .....                                  | 381.229 | 696.590 |

## 12. Aðrar kröfur

Aðrar kröfur samanstanda af fyrirframgreiddum gjöldum svo sem til fjarskiptabirgja, vegna framvirkra þjónustusamninga við viðgerðaraðila, framvirkra hugbúnaðarleyfa auk skammtímakrafna vegna virðisaukaskatts í öðrum ríkjum.

# Skýringar

## 13. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður félagsins greinist með eftirfarandi hætti:

| <b>Laun og launatengd gjöld</b>                               | <b>2025</b> | <b>2024</b> |
|---------------------------------------------------------------|-------------|-------------|
| Laun .....                                                    | 1.502.763   | 1.168.216   |
| Launatengd gjöld .....                                        | 367.508     | 263.316     |
| Orlofsskuldbinding .....                                      | 91.454      | 38.778      |
| Samtals .....                                                 | 1.961.725   | 1.470.309   |
| Ársverk .....                                                 | 11,2        | 10,0        |
| Laun og hlunnindi til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra ..... | 278.751     | 262.255     |
| <b>Almennur rekstrarkostnaður</b>                             |             |             |
| Rekstur fjarskiptakerfa .....                                 | 5.399.081   | 5.388.017   |
| Endurskoðun ársreiknings .....                                | 66.012      | 30.760      |
| Annar rekstrarkostnaður .....                                 | 703.002     | 463.396     |
| Samtals .....                                                 | 6.168.095   | 5.882.173   |

# Skýringar

## 14. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eigna á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti frá þeim tíma sem eignir eru teknar í notkun, miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

|                                             |           |
|---------------------------------------------|-----------|
| Tengibúnaður.....                           | 5 - 10 ár |
| Tengistöðvar.....                           | 20 -30 ár |
| Sæstrengir og búnaður undir sjávarmáli..... | 20 -30 ár |
| Aðrar eignir.....                           | 5 - 10 ár |

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi og leiðrétt ef við á.

|                              | Fjarskipta-<br>búnaður og tæki | FARICE-1   | DANICE     | IRIS       | Samtals      |
|------------------------------|--------------------------------|------------|------------|------------|--------------|
| <b>Heildarverð</b>           |                                |            |            |            |              |
| Heildarverð 1.1.2024 .....   | 16.765.194                     | 46.950.412 | 83.758.167 | 50.350.204 | 197.823.977  |
| Viðbót á árinu .....         | 1.375.360                      | 1.863.112  | -          | 49.796     | 3.288.268    |
| Úrelt á árinu .....          | ( 1.005.896)                   | -          | -          | -          | ( 1.005.896) |
| Heildarverð 31.12.2024 ..... | 17.134.658                     | 48.813.524 | 83.758.167 | 50.400.000 | 200.106.349  |
| Viðbót á árinu .....         | 428.468                        | 7.377      | -          | -          | 435.845      |
| Úrelt á árinu .....          | -                              | -          | -          | -          | 0            |
| Heildarverð 31.12.2025 ..... | 17.563.126                     | 48.820.901 | 83.758.167 | 50.400.000 | 200.542.194  |

### Afskriftir

|                            |              |            |            |           |              |
|----------------------------|--------------|------------|------------|-----------|--------------|
| Afskrifað 1.1.2024 .....   | 11.457.138   | 43.387.211 | 54.138.820 | 2.111.914 | 111.095.083  |
| Afskriftir ársins .....    | 861.600      | 411.437    | 3.799.822  | 2.520.000 | 7.592.859    |
| Fært út á árinu .....      | ( 1.005.896) | -          | -          | -         | ( 1.005.896) |
| Afskrifað 31.12.2024 ..... | 11.312.842   | 43.798.648 | 57.938.642 | 4.631.914 | 117.682.046  |
| Afskriftir ársins .....    | 825.957      | 582.473    | 3.675.256  | 2.520.002 | 7.603.690    |
| Fært út á árinu .....      | -            | -          | -          | -         | 0            |
| Afskrifað 31.12.2025 ..... | 12.138.799   | 44.381.121 | 61.613.898 | 7.151.916 | 125.285.736  |

### Bókfært verð

|                               |           |           |            |            |            |
|-------------------------------|-----------|-----------|------------|------------|------------|
| Bókfært verð 31.12.2024 ..... | 5.821.816 | 5.014.876 | 25.819.525 | 45.768.086 | 82.424.304 |
| Bókfært verð 31.12.2025 ..... | 5.424.327 | 4.439.780 | 22.144.269 | 43.248.084 | 75.256.460 |

Fasteignir félagsins eru staðsettar á Íslandi og í Skotlandi.

|                            | FNR        | Fasteignamat | Brunabótamat |
|----------------------------|------------|--------------|--------------|
| Sandbakki 3 .....          | F2519037   | 60.462       | 162.024      |
| Hallgeirsey 2 .....        | F2314984   | 314.878      | 1.262.228    |
| Gill Park, Skotlandi ..... | 1160088507 | 516.522      | -            |

Vátryggingarverðmæti fjarskiptabúnaðar og tækja á landi nam 23,3 millj. evra í ársbyrjun 2026.

Á meðal rekstrarfjármuna er eignfærður fjármagnskostnaður að fjárhæð 817,1 þúsund evra.

# Skýringar

## 14. Rekstrarfjármunir

Virðisrýrnunarpróf var framkvæmt á öllum strengjum félagsins og tengdum eignum miðað við stöðu rekstrarfjármuna við árslok 2024. Niðurstaða virðisrýrnunarprófsins var að notkunarvirði sæstrengjanna við árslok 2024 hafi verið umfram bókfært virði eignagrunns. Helstu forsendur virðisrýrnunarprófsins svo sem vaxtar og rekstrarhorfur félagsins, þróuðust á árinu 2025 með jákvæðum hætti. Að mati stjórnenda var því ekki talin þörf á að framkvæma virðisrýrnunarpróf við árslok 2025.

Meginhlutverk IRIS strengsins er að tryggja fjarskiptaöryggi Íslands í samræmi við kröfur stjórnvalda. Kröfur um arðsemi lágu því ekki til til grundvallar við fjárfestingu í strengnum heldur öryggissjónarmið og er það því mat stjórnenda að framkvæmd virðisrýrnunarprófs í samræmi við IAS 36 sé ekki viðeigandi þar sem það byggir á að meta markaðsverð eða núvirt framtíðarsjóðstreymi. Af þeirri ástæðu telja stjórnendur að víkja þurfi frá ársreikningalögum í samræmi við 5. gr. laga um ársreikninga sem heimila að víkja frá þeim gefi þau villandi mynd af rekstri eða efnahag. Er virðisrýrnunarpróf vegna IRIS fjarskiptastrengsins því framkvæmt í samræmi við IPSAS staðlana sem fjalla um reikningsskil ríkisins og opinberra stofnana. Samkvæmt IPSAS 21 er heimilt að ákvarða endurheimtanlegt virði fjárfestingar út frá endurstofnverði eignarinnar.

Eins og að ofan greinir var virðisrýrnunarpróf framkvæmt miðað við 31.12.2024 þar sem niðurstaðan var engin virðisrýrnun bæði skv. IPSAS og ársreikningalögum. Síðan hafa helstu forsendur virðisrýrnunarprófsins þróast með jákvæðum hætti og engar vísbendingar eru um virðisrýrnun hvorki skv. IPSAS né ársreikningalögum. Þar af leiðandi hefur frávik frá ársreikningalögum engin áhrif á ársreikninginn. Gerð og framsetning ársreikningsins er í samræmi við ársreikningalög fyrir utan það frávik sem nefnt er hér að framan sem er í samræmi við ofangreinda gr. 5 laga um ársreikninga.

## 15. Óefnisleg eign

Lendingarleyfi vegna IRIS sæstrengsins sem greitt var með eingreiðslu árið 2022 er fært sem óefnisleg eign. Leyfið gildir til 35 ára og verður gjaldfært yfir áætlaðan afskriftartíma strengsins á 20 ára tímabili. Eignarhald leyfisins er í höndum Írskis dótturfélags Farice í samræmi við formkröfur frá Írskum stjórnvöldum. Líftími eignarinnar er yfirfarinn og aðlagður ef þurfa þykir fyrir lok hvers fjárhagsárs.

|                                 | 2025      | 2024      |
|---------------------------------|-----------|-----------|
| Bókfært verð 1. janúar .....    | 2.199.983 | 2.321.083 |
| Afskrift ársins .....           | (121.100) | (121.100) |
| Bókfært verð 31. desember ..... | 2.078.883 | 2.199.983 |

Afskriftir greinast þannig næstu ár:

|                            | 2025      | 2024      |
|----------------------------|-----------|-----------|
| Afskriftir 2026/2025 ..... | 121.100   | 121.100   |
| Afskriftir 2027/2026 ..... | 121.100   | 121.100   |
| Afskriftir 2028/2027 ..... | 121.100   | 121.100   |
| Síðar .....                | 1.715.583 | 1.836.683 |
|                            | 2.078.883 | 2.199.983 |

# Skýringar

## 16. Tekjuskattur

Útreikningur tekjuskattsinnæignar byggir á mismun efnahagsliða samkvæmt skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í skattauppgjöri en í ársreikningi.

Stjórnendur meta tilefni til að færa tekjuskattsinnæign í ársreikning að því marki sem talið er að hún nýtist. Tekjuskattsinnæign var fyrst færð til eignar í árslok 2024.

Yfirfæranlegt tap í árslok 2025 greinist sem hér segir:

|                                                     |            |
|-----------------------------------------------------|------------|
| Skattalegt tap ársins 2016 nýtanlegt til 2026 ..... | 4.409.309  |
| Skattalegt tap ársins 2017 nýtanlegt til 2027 ..... | 2.457.828  |
| Skattalegt tap ársins 2018 nýtanlegt til 2028 ..... | 836.010    |
| Skattalegt tap ársins 2019 nýtanlegt til 2029 ..... | 3.088.972  |
| Skattalegt tap ársins 2023 nýtanlegt til 2033 ..... | 1.531.258  |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap samtals .....          | 12.323.377 |

Tekjuskattsinnæign greinist þannig:

|                                            | 2025      | 2024      |
|--------------------------------------------|-----------|-----------|
| Rekstrarfjármunir .....                    | 3.158.518 | 2.690.149 |
| Frestaður gengismunur .....                | 3.827     | 8.461     |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap .....         | 2.464.676 | 2.913.336 |
| Virðisrýrmun tekjuskattseigna .....        | (384.901) | (384.901) |
| Skatteign samkvæmt efnahagsreikningi ..... | 5.242.119 | 5.227.045 |

## 17. Eigið fé

Með ákvörðun dags. 22.12.2025 var hlutafé félagsins lækkað um 7,8 milljónir evra að nafnverði til jöfnunar uppsafnaðs taps.

|                               | Hlutafé     | Ójafnað tap | Samtals    |
|-------------------------------|-------------|-------------|------------|
| Eigið fé 1. janúar 2025 ..... | 78.275.905  | (7.842.862) | 70.433.043 |
| Lækkun hlutafjár .....        | (7.842.862) | 7.842.862   | 0          |
| Afkoma ársins .....           | 0           | (474.871)   | (474.871)  |
| Eigið fé 31.12.2025 .....     | 70.433.043  | (474.871)   | 69.958.172 |

## 18. Rekstrarhæfi

Áætlanir gera ráð fyrir að félagið nái að skila hagnaði árið 2026 auk þess að vera með sterka stöðu handbærs fjár og 79% eigin fjárhlutfall. Því er ekki ástæða til að efast um rekstrarhæfi Farice við árslok 2025 að mati stjórnenda.